

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 8.10.2020**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík, kl 16:30

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson.

**Forföll:** Þór Agnarsson, Bjarni Jónsson og Katrín Jónsdóttir, Hjörtur Guðnason.

### **Dagskrá fundar:**

1. Fundargerð síðasta fundar kynnt og borin upp til afgreiðslu (nýr liður en gagnlegur).
3. Skýrsta formanns um styrkumsóknir
3. Staðan í Skálholti.
4. Útgáfa fréttabréfs.
5. Fjáröflunaraðferðir.
6. Önnur mál.

### **1. Fundargerð síðasta fundar:**

Engar athugasemdir voru gerðar við síðustu fundargerð.

### **2. Skýrsla formann um styrkumsóknir:**

Formaður sótti um 8,5 milljóna styrk hjá **Uppbyggingarsjóði Suðurlands** til að undirbúa hönnun og uppsetningu safnsins. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði tæpar 17 milljónir. Umsókn hjá **Landsbankanum** að upphæð 1,0 milljón. Okkur var ráðlagt að sækja ekki um styrk hjá **Minjastofnun** þar sem verið er að styrkja annan uppgröft á staðnum. Ekki náðist að sækja um styrk frá **Ferðamálastofu**, þar sem ekki fengust allar nauðsynlegar upplýsingar. Formaður ætlar að tala við **Seðlabankann** um hvað möguleika við hefðum þar. Eftir á að finna listann með þeim styrktaraðilum sem hægt væri að sækja um hjá.

### **3. Staðan í Skálholti:**

Ljóst er að það pláss sem okkur er ætlað er mun minna en upphaflega stóð til. Húsnæðið sem okkur stendur til boða er umþað bil 105 fermetrar og ljóst að mun aldrei verða Prentsögusafn heldur bara smá vísir að safni. Þar væri eingöngu hægt að sýna einhver smá tæki ásamt margmiðlunarskjáum sem segðu sögu prentlistarinnar.

#### **4. Útgáfa fréttabréfs:**

Ákveðið var að gefa út fréttabréf í A4 til kynningar á stöðu mála og upplýsinga fyrir hópinn. Gera á PDF formi og prenta einhver eintök.

#### **5. Fjáröflunar aðferðir:**

Ljóst er orðið að stórefla þarf fjáröflun okkar til reksturs safnsins. Rekstur safnis er um 105,000 kr á mánuði, eingöngu gámaleiga og húsnæðiskostnaður.

Ljóst er að ef við náum að fjölga þeim sem borga árgjaldið um 100 manns þá léttir það mikið áhyggjur okkar á reksti safnsins. Fjárhagsráð mun fara í að herja á fólk og fyrirtæki um aðstoð. Ljóst er að fleiri hendur vinna verkið hraðar og Grímur mun hafa samband við Svan vegna þessara mála vegna reynslu hans.

#### **6. Önnur mál:**

Ákveðið var að reikningi sem barst vegna veislu í sumar muni ekki greiðast.

Hugmynd kom fram að hitta Pál Svansson vegna Facebook síðu og samræma sjónarmið.

Ákveðið var að framkvæma þá hugmynd að fá Guðmund Ágúst til að framleiða nokkra þætti um þau störf sem hverfa eru og viðtöl við eldri fólk sem áhugavert er heyra í td heiðurfélagar okkar, Lúther Jónsson ofl.

Okkur hefur verið boðið eikarskrifborð sem áður tilheyði ríkisprentsmiðjunni Gutenberg og boðið þegið.

Tala við framkvæmdaráð um þrifnað á Laugavegi, þar má gera mun betur.

Fundi slitið 17:32